



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 16. október 2019 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Skýrsla sveitarstjóra var flutt munnlega. Í máli sveitarstjóra kom m.a. fram að eignir sveitarfélagsins að Mánabraut 3 og Mánabraut 11 séu lausar eða að losna úr leigu og var borin upp sú hugmynd að auglýsa eignirnar til sölu, sem sveitarstjórn samþykkti. Að öðru leyti var skýrsla sveitarstjóra til kynningar.

2. Samstarfsfirlýsing Félags- og skólaþjónustu A-Hún og Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra

Fyrir fundinum lá samstarfsfirlýsing Félags- og skólaþjónustu A-Hún og Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra um samvinnu í átaki gegn heimilisofbeldi. Verkefnið mun standa yfir í ár og árangur metinn að þeim tíma liðnum.

3. Bréf

a) Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra dags. 12.09.2019

Með bréfinu sendir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra aðvörunarorð til sveitarfélagsins vegna bifreiða, bílflaka, kerra, tækja og annarra lausamuna á ógirtu plani við Hrafná, en gera þarf úrbætur á svæðinu. Sveitarstjórn ræddi erindið og fól sveitarstjóra að vinna að nauðsynlegum úrbótum og skipulagi á svæðinu.



b) Trés lífsins, dags. 20.09.2019

Með bréfinu er verið að kanna áhuga sveitarfélagsins á Minningargörðum og afstöðu sveitarfélagsins til þeirra. Í minningargörðum er aska látinna einstaklinga gróðursett ásamt tré sem mun vaxa upp til minningar um hinn látna og vera merkt rafrænu minningasíðu þess sem undir því hvílir. Bréfið var til kynningar.

c) Vegagerðarinnar, dags. 25.09.2019

Með bréfinu tilkynnir Vegagerðin um breytingu á Skagastrandarvegi 74-04, en endapunktur hans hefur verið innan hafnarsvæðis sveitarfélagsins. Endapunktur hans var færður að mörkum hafnarsvæðisins skv. ákvörðun Vegagerðarinnar og tók sú breyting gildi þann 25. september sl. Sveitarstjóra er falið að afla frekari upplýsinga frá Vegagerðinni.

d) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 01.10.2019

Með bréfinu er sent leiðbeinandi álit vegna tvöfaldrar skólavistar barna í leik- eða grunnskóla vegna sameiginlegrar forsjár foreldra. Bréfið var til kynningar.

e) Egils Bjarka Gunnarssonar dags. 04.10.2019

Með bréfinu er send fyrirspurn þess efnis hvort að til standi að sveitarfélagið komi upp sjóminjasafni eða munasafni Skagstrendinga til minnis um uppruna og sögu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn tók jákvætt í erindið enda sinnir það munasöfnun og skráningu nú þegar. Þó það sé ekki hægt að slá því föstu að sjóminjasafn verði sett upp á vegum sveitarfélagsins þá telur sveitarstjórn sjálfsagt að sinna geymslu munanna sé vilji fyrir því.

f) Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands dags. 08.10.2019

Með bréfinu kynnir EBÍ Brunabót þá ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðsins að greiða hagnað af starfsemi félagsins til aðildarsveitarfélaga í formi ágóðahlutar. Ákveðið var að greiða 50 milljónir til aðildarsveitarfélaga vegna ársins 2019. Hlutdeild



*Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir*

sveitarfélagsins nemur 0.73% og er greiðsla ársins því kr. 365.000.- Bréfið var til kynningar.

g) Ines Meier og Inka Dewitz, dags. 11.10.2019

Með bréfinu er óskað eftir styrk vegna verkefnisins „Rekaviður-Your Tree for Iceland a gift that fights Climate Change“ að upphæð kr. 4.987.068. Sveitarstjórn þykir verkefnið áhugavert en getur ekki orðið við erindinu að sinni.

h) Borgarstjóra Aabenraa Thomas Andersen, dags. 11.10.2019

Með bréfinu er boðið til vinabæjarmóts í Aabenraa þann 30. maí 2020. Sveitarstjórn þakkar boðið og fól sveitarstjóra að sinna skipulagi og samskiptum.

i) Soroptimistaklúbbsins við Húnaflóa, dags. 12.10.2019

Með bréfinu er óskað eftir styrk til þess að halda námskeiðið „Stelpur geta allt“ en verkefnið hefur það markmið að styrkja sjálfsmynd ungra stelpna. Sveitarstjórn ræddi verkefnið og samþykkti að verða við styrkbeiðni upp á 50.000 kr.

4. Fundargerðir

a) Siglingaráðs dags. 20. júní 2019

Fundargerð var til kynningar

b) Norðurár, dags. 11. september 2019

Fundargerð var til kynningar

c) Fulltrúaráðs EBÍ, dags. 20. september 2019

Fundargerð var til kynningar

d) Stjórnar SSNV, dags. 24. september 2019

Fundargerð var til kynningar

e) Stjórn Hafnasambands Íslands dags. 26. september 2019

Fundargerð var til kynningar




Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

- f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. september 2019
Fundargerð var til kynningar.

5. Önnur mál

- a) Umræður urðu um lúpínu á höfðanum og var ákveðið að óska eftir sjálfboðaliðum til þess að sinna eyðingu á lúpínu á Spákonufellshöfða. Var sveitarstjóra falið að sinna því að birta slíka auglýsingu og skipuleggja fyrirkomlag í tengslum við verkefnið.
- b) Sveitarstjórn ákvað að halda íbúafund í byrjun nóvember og fól sveitarstjóra að auglýsa fundinn og skipuleggja dagskrá.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:20


Halldór G. Ólafsson


Róbert Kristjánsson

Kristín B. Leifsdóttir


Péturína L. Jakobsdóttir


Guðmundur Egill Erlendsson

Alexandra Jóhannesdóttir